



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Skýrsla samstarfshóps
Félags- og barnamálaráðherra
um félagsleg undirboð og
brotastarfsemi á vinnumarkaði**

Janúar 2019

Félagsmálaráðuneytið: Skýrsla samstarfshóps Félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði
28. janúar 2019

Útgefandi: Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Félagsmálaráðuneytið

© 2019 Félagsmálaráðuneytið

ISBN 978-9935-477-56-9

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Efnisyfirlit | 3 |
| Inngangur | 4 |
| Helstu tillögur | 5 |
| 1 Breytingar á efnisreglum | 6 |
| 1.1 Kennitölufلاك | 6 |
| 1.2 Keðjuábyrgð | 6 |
| 1.3 Þvingunarúrræði og stjórnsýsluviðurlög | 7 |
| 1.4 Starfsnám og sjálfbóðaliðar | 8 |
| 1.5 Mansal og nauðungarvinna | 9 |
| 2 Samstarf aðila og formgerð | 10 |
| 2.1 Hlutverk aðila samkvæmt núgildandi reglum | 10 |
| 2.2 Tillaga um formlegt samstarf | 10 |
| 2.3 Markmið samstarfsvettvangsins | 11 |
| 2.4 Miðlun upplýsinga og gagna | 11 |
| 2.5 Aðstoð við starfsmenn | 12 |
| 2.6 Upplýsingagjöf og fræðsla | 12 |
| 2.7 Árangursmat og árangursviðmið | 12 |
| 3 Annað sem rætt var | 13 |
| 3.1 Nokkur fleiri atriði sem komu til umræðu en varð ekki lokið | 13 |
| 4 Viðaukar | 15 |
| 4.1 Samantekt helstu lagaákvæða | 15 |
| 4.1.1 Upplýsingaöflun og eftirlit á vinnumarkaði | 15 |
| 4.1.2 Viðurlög og þvingunarúrræði | 19 |
| 4.1.3 Önnur lagaákvæði | 22 |
| 4.2 Fundagerðir | 23 |

Inngangur

Hér fylgja skýrsla og tillögur samstarfshóps til að sporna gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði, en þáverandi félags- og jafnréttismálaráðherra, núverandi félags- og barnamálaráðherra, kallaði hópinn saman með skipunarbréfi 24. október 2018. Samstarfshópurinn starfaði undir forystu Jóns Sigurðssonar. Hópurinn skipuðu fulltrúar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, embætti ríkislögreglustjóra, félagsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, Ríkiskattstjóra, Vinnueftirliti ríkisins, Vinnuálastofnun, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi Háskólanna, BSRB, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins.

Samstarfshópurinn leggur áherslu á það stefnumið að hindra og stöðva brotastarfsemi á vinnumarkaði, þ. á m. ekki aðeins félagsleg undirboð heldur alla brotastarfsemi á vinnumarkaði. Í því felast sameiginlegir hagsmunir launafólks, atvinnulífs og samfélagsins alls. Markmiðið er að regluverk og aðgerðir séu skilvirk og skili tilætluðum árangri. Skýr pólitískur vilji og stuðningur stjórnvalda er forsenda árangurs.

Fyrst er samandregið yfirlit helstu tillagna. Síðan er greinargerð samstarfshópsins. Þá fylgir yfirlit um ýmis lagaákvæði sem máli skipta. Loks fylgja fundagerðir. Verkefni sem sérstaklega eru nefnd í skipunarbréfi samstarfshópsins: - Samstarfsvettvangur 10. bls.; - Viðurlög 7. bls.; - Markmið 11. bls.; - Árangursviðmið 12. bls.

Efnislega er hér um áfangaskýrslu að ræða. Tímans vegna varð umfjöllun ekki lokið um mörg mikilvæg atriði. Flest atriðin snerta málasvið tveggja eða fleiri ráðuneyta, og þarf því samráð milli ráðherra sem allra fyrst, til þess að úrvinnsla, stefnumótun og framkvæmd tefjist ekki. Þá er mikilvægt að tryggðir verði fjármunir til þess að unnt verði að hrinda tillögnum í framkvæmd.

Vinnu samstarfshópsins var skipt í tvo undirhópa. Annar hópurinn fékk það verkefni að fjalla um lagaumgjörð og viðurlög við brotastarfsemi á vinnumarkaði og hinn hópurinn um form samstarfs og stjórnsýslu og árangursmat. Hvor hópur fundaði reglulega og kom fjöldi atriða til umræðu. Eðli máls samkvæmt náði umræðan að þróast lengra um sum atriði en önnur. Í þessari skýrslu eru dregin saman þau atriði sem samstaða er í samstarfshópnum eftir vinnu undirhópanna, en auk þess er haldið til haga þeim atriðum sem nefnd voru en ekki náðist að ræða til hlítar.

Allur samstarfshópurinn stendur sameiginlega að afgangi, nema annað sé sérstaklega tilgreint, með þeim fyrirvara að ekki verði töf á stefnumótun og ákvörðunum, og er reiðubúinn að starfa áfram ef óskað verður.

Helstu tillögur

Helstu tillögur samstarfshópsins eru teknar saman hér, þannig að fremst eru nefnd þau atriði sem samstarfshópurinn leggur mesta áherslu á að hrundið verði í framkvæmd án tafar, án þess að með því sé dregið úr mikilvægi þeirra atriða sem neðar eru á listanum. Nánari umfjöllun um einstök atriði er svo að finna í efnisköflum skýrslunnar.

Brýnasta verkefnið er að taka á kennitöluflakki á skilvirkan hátt. Lagðar verði til grundvallar sameiginlegar tillögur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, svo og tillögur Ríkisskattstjóra. Í tillögunum er m.a. kveðið á um heimild til að setja forsvarsmenn fyrirtækja í tímabundið bann við þátttöku í stjórnun félaga með takmarkaða ábyrgð við tilteknar aðstæður (atvinnurekstrarbann), og auk þess er skerpt á fjölmörgum öðrum atriðum.

Komið verði upp föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð á sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Þau stjórnvöld sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði (Lögreglan, Ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun) geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Formbundin verði reglulegt samráð og samstarf þessa samstarfsvettvangs við aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit.

Útfært verði hvernig megi fyrirbyggja alvarleg og/eða ítrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsíábyrgð lögaðila og fyrirsvarsmanna.

Stjórnvöldum verði veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi, m.a. með þvingunarúrræðum og stjórnvaldsviðurlögum.

Sett verði skylda til keðjuábyrgðar í lög um opinber innkaup.

Komið verði í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkjum starfsnáms eða sjálfboðaliðastarfsemi og markaður skýr rammi um hvað skuli heimilað undir þeim formerkjum.

Kortlagðar verði með skipulegum hætti þær lagaheimildir sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa til að skiptast á gögnum og upplýsingum og gefin út handbók fyrir starfsmenn um sameiginlegan vettvang. Veittar verði viðbótarlagaheimildir eins og tilefni kunna að verða til.

Tryggð verði viðeigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumansals og nauðungarvinnu. Aðgerðaráætlun gegn mansali liggi fyrir og að henni sé framfylgt. Endurskoðuð verði skilgreining á mansali, sett í lög bann við nauðungarvinnu og refsíákvæði til að tryggja skilvirka framkvæmd.

Bætt verði verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, t.a.m. með stofnun ráðgjafarstofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Einnig verði skipulögð upplýsingagjöf til atvinnurekenda um starfskjör.

Ekki náðist að ræða að neinu marki tillögur Alþýðusambands Íslands sem miða að því að þeim starfsmönnum sem verða fyrir launaþjófnaði sé bættur skaðinn með hlutlægri bótareglu. Jafnframt verði skoðað að slík mál fái sérstakan forgang í réttarkerfinu.

1 Breytingar á efnisreglum

1.1 Kennitöluflakk

Samstaða er um að nauðsynlegt sé að taka kennitöluflakk föstum tókum á grunni sameiginlegra tillagna Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem er ætlað að stöðva kennitöluflakk, svo og tillagna Ríkisskattstjóra. Þar er m.a. lagt til að Ríkisskattstjóri fái heimildir til þess að svipta þá einstaklinga, sem teljast vanhæfir vegna óverjandi viðskiptahátta og rökstudds grunar um refsiverða háttsemi í tengslum við atvinnurekstur, tímabundið heimild sinni til þess að taka þátt í stjórnun félags með takmarkaðri ábyrgð enda standi ríkir almannahagsmunir til réttindasviptingar.¹ Aðilar voru sammála um að lykilorð sé að koma sviptingu réttinda á með skjótvirkum hætti og að ekki eigi að meðhöndla þessi mál með sama hætti og sakamál.

Fulltrúi Ríkisskattstjóra vísaði í skýrsluna „Umfang skattundanskota og tillögur til aðgerða“ frá 20. júní 2017, þar sem fram koma m.a. tillögur gegn kennitöluflakki.² Gera ætti kröfur um hæfisskilyrði eigenda og forráðamanna atvinnurekstrar, t.d. hvernig staða viðkomandi er á vanskilaskrá og hver fyrirtækjasagan er, þ.m.t. hve mörg félög hafa orðið gjaldþrota og í vanskilum, takmörkun á að hægt sé að „framleiða“ kennitölur til síðari nota þar sem upp hefur komið að aðilar hoppa á milli kennitalna sem þegar er búið að stofna, þegar allt er komið í óefni. Forráðamönnum rekstrar sem sætir tilmælum/stöðvun ætti ekki að vera heimilt að færa reksturinn yfir á aðra kennitölu á meðan á því stendur og halda þar áfram rekstri, sbr. 29. gr. laga nr. 45/1987 og 29. gr. laga nr. 50/1988. Þar að auki benti fulltrúinn á vandamál sem tengjast því að ekki næst í forráðamann fyrirtækis. Kom upp sú hugmynd að skilyrða forráðamenn fyrirtækis til að hafa lögheimili á Íslandi, a.m.k. að einhver geti svarað fyrir fyrirtækið, t.d. umboðsmaður. Þá velti fulltrúinn þeirri hugmynd upp hvort veita ætti heimild til að afskrá félög vegna samskiptaleysis.

Kennitöluflakk er oft nátengt annarri brotastarfsemi og baráttan gegn því órjúfanlegur liður í baráttu gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði. Fulltrúar í samstarfshópnum leggja sérstaka áherslu á nauðsyn þess að löggjafinn grípi til aðgerða með lagasetningu sem tekur með skilvirkum hætti á kennitöluflakki, án þess að þrengja að lögmætri atvinnustarfsemi, og lagt er til að byggt verði á sameiginlegum tillögum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, ásamt öðrum tillögum og athugasemdum sem liggja fyrir og stefna að sama marki.

1.2 Keðjuábyrgð

Rætt var um mikilvægi keðjuábyrgðar til þess að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þegar liggur fyrir frumvarp um heimild kaupanda í opinberum innkaupum til að fara fram á að aðalverktaki tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög. Mikilvægt er að kveða á um skyldu í þessum efnum og jafnframt heimild verkkaupa til að halda eftir greiðslum til aðalverktaka ef þörf krefur. Sammæltist hópurinn um að gera það að tillögu sinni að skylda til keðjuábyrgðar verði sett í lög um opinber innkaup.

Að mati fulltrúa Ríkisskattstjóra þarf að skilgreina vel ábyrgð verkkaupa. Takmarka eigi fjölda fyrirtækja í verktakakeðju og auka skyldur verkkaupa til að kalla eftir upplýsingum frá hverjum verktaka um launagreiðslur og skil á opinberum gjöldum. Mikilvægt er að keðjuábyrgð verkkaupa nái til réttinda starfsmanna og til skila á sköttum og skyldum.

¹ Tillögur ASÍ og SA: <https://www.asi.is/media/313568/stodvum-kennitoluflakk-kynning-a-tillogum-sa-og-asi-20-juni-2017.pdf>.

² <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5ea38a59-572d-11e7-941c-005056bc530c>

Þá kom fram sú afstaða Alþýðusambands Íslands að keðjuábyrgð verði sett yfir allan vinnumarkaðinn. Varðandi þá hugmynd komu þau mótrök fram af hálfu fulltrúa Samtaka atvinnulífsins að frekar ætti að taka til sértækra aðgerða þar sem vandamálin væru til staðar á vinnumarkaðnum. Almenn keðjuábyrgð, sem myndi kalla á kostnaðarsamt eftirlit, væri of víðtæk aðgerð.

1.3 Þvingunarúrræði og stjórnsýsluviðurlög

Lagt er til að stjórnvöldum verði veittar heimildir til að beita stjórnvaldssektum og þvingunarúrræðum til að knýja á um fylgispekt við kjarasamninga og kjör starfsmanna í alvarlegustu tilvikum. Lagt er til að leiddar verði í lög almennar heimildir um að það varði sektum að brjóta ítrekað eða með alvarlegum hætti gegn ákvæðum kjarasamninga og að beita megi þvingunarúrræðum á borð við lokanir eða dagsektir í þeim tilvikum þegar tilmælum um úrbætur er ekki fylgt. Ekki er með þessu lagt til að stjórnvöld skuli annast opinbert kjaraeftirlit, heldur aðeins að til staðar séu opinberar valdheimildir til að grípa inn í þegar eftirlit stjórnvalda eða aðila vinnumarkaðarins leiðir í ljós alvarleg kjarabrot. Þá hefðu heimildir sem þessar almenn varnaðaráhrif gegn kjarabrotum.

Einnig þarf að bæta heimildir Vinnueftirlitsins til að beita þvingunarúrræðum og stjórnvaldssektum gagnvart þeim sem brjóta með alvarlegum eða ítrekuðum hætti gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í núverandi löggjöf eru til staðar viðurlög og þvingunarúrræði sem opinberir aðilar geta beitt vegna brotastarfsemi á vinnumarkaði. Var það áréttað í umræðu um þetta málefni að heimildir til álagningar viðurlaga og beitingar þvingunarúrræða eru bundnar við gildissvið tiltekinna laga og gildi ekki með almennum hætti. Vinnumálastofnun getur t.d. lagt á stjórnvaldssektir, sbr. 15. gr. b laga nr. 45/2007 og 11. gr. b laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur, vegna brota á tilteknum ákvæðum þeirra laga. Þá getur stofnunin lagt á dagsektir, sbr. 15. gr. a laga nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, 11. gr. a laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur og 6. gr. laga nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, til þess að kveða á um framfylgni þeirra laga, og auk þess hefur stofnunin heimild til tímabundinnar stöðvunar á atvinnustarfsemi til þess að ná fram sama markmiði, sbr. 15. gr. laga nr. 45/2007 og 11. gr. laga nr. 139/2005.

Þá hefur Vinnueftirlit ríkisins heimild til þess að stöðva vinnu eða loka starfsemi, sbr. 84. og 85. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og til að leggja á dagsektir, sbr. 87. gr. sömu laga. Aftur á móti er ekki stjórnvaldssektarheimild í lögum nr. 46/1980, sem Vinnueftirlit ríkisins getur beitt vegna brota á lögnum. Fram kom af hálfu fulltrúa Vinnueftirlitsins að nauðsynlegt sé fyrir stofnunina að fá heimild til þess að leggja á stjórnvaldssektir vegna alvarlegra og/eða ítrekaðra brota, til þess að unnt sé að taka á brotastarfsemi. Þá þarf að endurskoða og skýra fyrirnefnt dagsektarákvæði til þess að koma í veg fyrir að áfallnar sektir falli niður, til þess að tryggja að sem stystur tími líði frá broti til úrbóta.

Í 27. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga, 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 18. gr. laga nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda og 13. gr. laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur eru einnig refsíákvæði er kveða á um almennar sektarheimildir vegna brota á þeim lögum. Í fyrstnefnda ákvæðinu kemur einnig fram að brot á lögnum geti varðað fangelsisvist. Ekki er þó sérstaklega kveðið á um refsíábyrgð lögaðila í framangreindum ákvæðum.

Þá hefur Ríkisskattstjóri heimildir til þess að óska eftir því að lögregla stöðvi starfsemi aðila sem ekki sinna skráningar og skilaskyldu á grundvelli 29. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og 28. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt að undangengnum ítrekuðum tilmælum.

Í hópnum var rætt um brot á lögum og kjarasamningum og mögulegar aðgerðir gegn þeim, umfram þau ákvæði sem eru í lögum og eftir atvikum kjarasamningum í dag. Komu opinber úrræði til tals eins og stjórnvaldssektir og stöðvanir, sem og einkaréttarleg úrræði, t.d. bótareglur. Var bent á að slíkar aðgerðir gætu haft varnaðaráhrif og þannig minnkað hvata til þess að stunda brotastarfsemi á

vinnumarkaði. Þ.m.t. var tillaga sett fram af hálfu fulltrúa Alþýðusambands Íslands að hlutlæg bótaregla verði bundin í lög, sem væri hlutfallsleg miðað við stærð launakröfu á hendur skuldara. Í því skyni var nefnt að slíka reglu mætti setja t.a.m. í lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Myndi brotapolí þannig fá skaðann bættan um leið og reglan hefði varnaðaráhrif. Þar að auki voru ræddar hugmyndir um opinber úrræði eins og stjórnvaldssektir vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota á lögum og kjarasamningum auk dagsekta og stöðvunarheimilda, til þess að tryggja eftirfylgni við lög og kjarasamninga. Þessu til viðbótar var fjallað um hugmyndir um að setja ákvæði um refsíabýrgð lögaðila og forsvarsmanna þeirra í almenn hegningarlög vegna brota á kjarasamningum og lögum sem gilda á vinnumarkaði. Ekki var þó einhugur um nánari útfærslu á aðgerðum vegna brota á lögum og kjarasamningum og náðist ekki að ræða málefnið til hlítar. Það bíður því frekari vinnu að útfæra refsíabýrgð við alvarlegustu brotum.

Þá var það einnig rætt að ef viðurlaga- og þvingunarúrræði væru sett í lög vegna brota á kjarasamningum, þá væri um leið verið að koma á fót opinberu eftirliti með kjarasamningum og að slíkt krefðist frekari umræðu. Í þessum umræðum kom sá möguleiki til tals að aðilar vinnumarkaðarins komi að slíku eftirliti. Nefnt var að hugmynd um útfærslu geti verið að stjórnvöld beiti slíkum heimildum aðeins að undangengnum ábendingum frá aðilum vinnumarkaðarins um alvarleg brot, eða þegar annað eftirlit leiðir í ljós alvarlegar brotalamir.

Að mati fulltrúa Ríkisskattstjóra má gera auknar kröfur um þær upplýsingar sem verða að liggja hjá atvinnurekanda um starfsmenn, t.d. skylda til að geta sýnt fram á ráðningarsamning eða verktakasamning ef við á, vinnuskýrslur og vaktaplön. Sérstaklega má skoða auknar kröfur til atvinnugreina sem eru mannaflafrekar og hætta er á vinnumarkaðsbrotum, t.d. ferðapjónusta og byggingariðnaður. Varðandi gildandi lög tók fulltrúinn fram að útvíkka megi gildissvið þeirra úrræða sem eru í 29. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og 28. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Mætti stöðvun hafa frekari afleiðingar, t.d. á virkni kennitölu, á virðisaukaskattsnúmer og að viðskiptavinum verði óheimilt að versla við viðkomandi á meðan stöðvun á sér stað. Bent var á að fjölga þurfi úrræðum Ríkisskattstjóra því að stöðvunarheimild virkar ekki í mörgum tilvikum, t.d. sé erfitt að beita stöðvunarheimildinni gegn atvinnurekstri sem ekki hefur fasta starfsstöð.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga velti því upp hvort launakröfur vegna vanefnda skuli njóta opinberrar verndar, en réttur til launa samkvæmt kjarasamningum er tryggður í lögum.

Þar að auki var bent á að stigs- og eðlismunur er á brotum á kjarasamningum. Kom fram af hálfu fulltrúa Samtaka atvinnulífsins að gera þurfi greinarmun á brotum á kjarasamningum annars vegar og hins vegar mistökum eða misskilningi um framkvæmd og ágreiningi á grundvelli ólíkrar túlkunar á kjarasamningum. Í umræðum kom fram að leggja eigi höfuðáherslu á kennitölufلاك og misnotkun á erlendu sem innlendu starfsfólki, og einnig að skilgreina þurfi þessi brot og stigs- og eðlismun þeirra og að leikreglur verði að vera skýrar.

Hópurinn sammæltist um að nauðsynlegt er að taka á alvarlegum eða ítrekuðum brotum og skipulagðri brotastarfsemi gegn starfsmönnum á vinnumarkaði. Skoða ber nánar leiðir til þess að fyrirbyggja slík brot, en aðilar þurfa að fá réttu tólin til þess að koma í veg fyrir slík brot.

1.4 Starfsnám og sjálfbóðaliðar

Hópurinn sammæltist um að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkjum starfsnáms eða starfsþjálfunar eða með sjálfbóðaliðum. Lögfesta verður tilteknar reglur og skilgreina þessi hugtök til þess að skapa skýran ramma.

Rætt var um nauðsyn þess að setja heildarlög um starfsnám og starfsþjálfun og þau tengd baráttu gegn ólöglegri sjálfbóðaliðastarfsemi. Töldu fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Bandalags háskólamanna það vera mikilvægan þátt varðandi undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði, sem er nauðsynlegt að taka á. Slík löggjöf eigi m.a. að taka á því í hverju starfsnám eða starfsþjálfun felst,

hvaða skyldur verða lagðar á menntastofnun, atvinnurekanda og nema, að starfsnemar gangi ekki í störf starfsmanna í þeim mæli að starfsnemar komi í stað þeirra, að starfsnemar skuli bera skírteini með tilteknum upplýsingum og samningar milli aðila skuli vera fyrir hendi, o.fl.

Hópurinn vísar til samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 2016 um sjálfboðaliða sem ganga í almenn störf launafólks, en slíkt gengur gegn ákvæðum kjarasamninga, sbr. 1.gr. laga nr. 55/1980. Jafnframt er áréttuð sú afstaða Alþýðusambandsins og Bandalags háskólamanna að settar verði skýrar reglur um starfsnám.

1.5 Mansal og nauðungarvinna

Rætt var um mansal og nauðungarvinnu. Kom fram að setja þurfi sérstök lög um mansal sem og aðgerðaráætlun gegn mansali. Var það rætt á fundi hópsins að fá fulltrúa frá lögreglunni og héraðssaksóknara til að ræða m.a. skilgreininguna á mansali o.fl. í almennum hegningarlögum. Þá tók fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins fram að endurskoða þurfi ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er snerta mansal og uppfæra þannig að þau væru í samræmi við það sem best þekkist í samanburðarlöndum. Þar að auki eigi að kveða með skýrari hætti í sömu lögum á um bann við nauðungarvinnu og þrælhaldi. Að mati fulltrúa Alþýðusambands Íslands er mikilvægt að aðgerðaáætlun gegn mansali verði sem fyrst klárðuð og í því sambandi tryggt að allir verkferlar vegna meints vinnumansals og úrræði fyrir þolendum séu fullnægjandi og tryggð. Kom fram af hálfu nokkurra fulltrúa að nauðsynlegt væri að veita þolendum mansals viðeigandi vernd.

2 Samstarf aðila og formgerð

2.1 Hlutverk aðila samkvæmt núgildandi reglum

Þeir aðilar sem helst hafa skilgreindu hlutverki að gegna, sem skipt getur máli vegna aðgerða gegn undirboðum og brotastarfsemi á vinnumarkaði, eru eftirfarandi:

- ▶ **Stéttarfélög/Alþýðusamband Íslands**
 - Eftirlit með kjörum félagsmanna og vinnustaðaeftirlit, eftir atvikum eftirlit með kröfum til fagmenntunar. Stéttarfélög annast einnig kröfugerð og innheimtu vangoldinna launa og annarra starfskjara. Upplýsingagjöf til starfsmanna um kaup og kjör. Upplýsingagjöf til atvinnurekenda til leiðbeiningar um rétta meðferð varðandi starfsmenn. Eftirlit með mögulegu mansali á vinnumarkaði.
- ▶ **Samtök atvinnulífsins**
 - Samtök atvinnulífsins eru hagsmunasamtök atvinnurekenda. Það er því þeirra hlutverk að stuðla að heilbrigðu samkeppnisumhverfi á vinnumarkaði, með því að stuðla að því að allir atvinnurekendur fylgi þeim leikreglum sem gilda á sviðinu og afli sér ekki óréttmæts samkeppnisforskots með undirboðum.
- ▶ **Ríkisskattstjóri**
 - Hefur með höndum álagningu opinberra gjalda og annast eftirlit með því að skattskil einstaklinga og fyrirtækja séu rétt og lögmæt. Einnig að halda fyrirtækjaskrá og staðfesta skráningu nýrra lögaðila. Komi upp grunur um skattsvik eða refsiverð brot skal tilkynna skattrannsóknarstjóra ríkisins sem annast rannsókn á grunsemdum um refsiverð brot á sviðinu. Í eftirliti eru vinnustaðir heimsóttir til að kanna almenn skattskil og við það er upplýsingum safnað um starfsemina.
- ▶ **Vinnueftirlit ríkisins**
 - Hefur eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og stuðlar að því að atvinnurekendur viðhafi góðan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- ▶ **Vinnumálastofnun**
 - Yfirstjórn opinberrar vinnumiðlunar. Úthlutun atvinnuréttinda til útlendinga utan EES og eftirlit með eftirfylgni á því sviði. Eftirlit með starfsmannaleigum á grundvelli laga um útsenda starfsmenn. Atvinnuleysistryggingar. Umsjón með Ábyrgðarsjóði launa.
- ▶ **Lögregla**
 - Rannsókn þeirra brota sem talin eru nægilega alvarleg til að geta varðað refsingu, utan skattrannsóknir.

2.2 Tillaga um formlegt samstarf

Koma þarf upp samstarfsvettvangi aðila og veita þeim nánari heimildir til að geta skipst á upplýsingum og þekkingu og til að skipta með sér verkefnum eftir því hvernig mál eru vaxin hverju sinni, þ.e. hvort þau varði aðallega skattskil, aðstæður á vinnustað, launakjör starfsmanna o.s.frv., eða eftir atvikum að tveir eða fleiri aðilar vinni sameiginlega að úrlausn flókinna mála.

Lagt er til að komið verði á formlegu samstarfi ríkisstjórnar, stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um stefnumótun og upplýsingaskipti um brotastarfsemi á vinnumarkaði, samráðshópi sem hafi það hlutverk að hafa yfirsýn yfir sviðið, móta stefnu og vera ríkisstjórn til ráðgjafar. Í samráðshópi skuli sitja fulltrúar þeirra aðila sem að ofan eru taldir, auk ráðuneyta (forsætis, dómsmála, fjármála, félagsmála, atvinnuvega), ákærvalds, heildarsamtaka stéttarfélaganna (Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, o.s.frv.), Samtaka atvinnulífsins, stærstu sveitarfélaganna og Sambands íslenskra sveitarfélaganna og hugsanlega fleiri aðila. Samráðshópurinn móti tillögur til ríkisstjórnar um áherslur og aðgerðir og komi þær til endurskoðunar á minnst tveggja ára fresti og sé jafnframt til

eftirlits og stefnumótunar gagnvart þeim stjórnvöldum sem sinna málaflokknum. Eðlilegt er að þetta samstarf verði undir forystu forsætisráðuneytisins.

Jafnframt er lagt til að komið verði upp sérstökum formlegum samstarfsvettvangi þeirra stjórnvalda sem fara með valdheimildir til að knýja á um fylgispekt við lög og reglur á vinnumarkaði. Kjarnann í slíkum samstarfsvettvangi myndi Lögreglan, Ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið og Vinnumálastofnun, eða jafnvel einnig héraðssaksóknari. Önnur stjórnvöld verði kölluð til samstarfs eftir því sem þörf krefur, svo sem Útlendingastofnun, Tollstjóraembættið, stærstu sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Skulu þessir aðilar tilnefna tengiliði í þessu skyni. Þá verði formbundið reglulegt samráð og samstarf við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit og eftirfylgni eftir því sem við á. Slíkt samstarf er þekkt og er hér lagt til að það verði formbundið og þróað frekar.

Er þessi tillaga m.a. gerð að norski fyrirmynd, en þar hefur samstarf með hliðstæðum hætti og hér er lýst gefist vel. Tryggja þarf nauðsynlegar fjárheimildir til að þróa framangreint samstarf og tryggja að það verði skilvirkt og árangursríkt. Þá er mikilvægt að horfa til og eiga gott samstarf við eftirlitsaðila á vinnumarkaði á hinum Norðurlöndunum, einkum í Noregi, við mótun á starfsháttum samstarfsvettvangsins og í starfi hans.

2.3 Markmið samstarfsvettvangsins

- a) Allir aðilar á vinnumarkaði lúti sömu og sambærilegum lögum og reglum íslensks samfélags og þeim kjarasamningum, reglum um starfskjör og öðrum sérreglum og samningum sem lögmætt gildi hafa á Íslandi og hafi skv. þessu réttindi og skyldur;
- b) Stofnanir og samtök á vinnumarkaði framfylgja reglum og tryggja með eftirliti að engir skorist undan, en fyrir hendi séu skýr og fullnægjandi viðurlög til hiklausrar framfylgju;
- c) Allir aðilar, þ.á m. íslenskir og erlendir launamenn, hver og einn, hafi aðgang að upplýsingum, hagsmunagæslu og leiðum til að standa á rétti sínum;
- d) Jafnframt sé tryggt að framkvæmd þessara mála raski ekki jafnræði og samkeppnisstöðu fyrirtækja eða mannréttindum launafólks.

2.4 Miðlun upplýsinga og gagna

Kortleggja þarf þær heimildir sem nú þegar eru í lögum svo að þau stjórnvöld sem koma að þessum málum geti bæði aflað og skipst á gögnum og upplýsingum. Tekin verði saman handbók um upplýsingaöflun og upplýsingaskipti fyrir starfsmenn samstarfsvettvangs. Þá þyrfti hugsanlega að styrkja heimildir sömu aðila til öflunar og miðlunar upplýsinga. Hið sama á við um heimildir aðila vinnumarkaðarins til að miðla upplýsingum um undirboð til stjórnvalda. Gæta þarf sérstaklega að því að lögmætur grundvöllur sé til miðlunar gagna, í ljósi persónuverndarlaga.

Lögð er áhersla á að til staðar séu fullnægjandi heimildir varðandi eftirlit og að upplýsingamiðlun milli ólíkra aðila hvíli á traustum stöðum. Nú þegar eru ákvæði í lögum um miðlun upplýsinga milli ólíkra aðila sem sjá um eftirlit með vinnumarkaðnum. Má t.a.m. nefna 14. gr. laga nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda og 10. gr. a. laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur. Þá koma fram heimildir til þess að afla upplýsinga frá atvinnurekanda í umræddum ákvæðum, sem og t.d. í 9. og 10. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, í kjarasamningum og samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 2004 um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Aftur á móti er nauðsynlegt að ákvæði laga um upplýsingamiðlun milli aðila vinnumarkaðarins og opinberra aðila verði skoðuð heildstætt til þess að tryggja öflugt samskiptanet milli þessara aðila. Væri slík lagasetning einnig liður í að tryggja skjótvirkni í meðferð mála, og auk þess getur hún leyst úr tilteknum álitamálum í sambandi við persónuverndarlöggjöf. Í umræðunni var einnig rætt um hvort

setja eigi ákvæði um skyldu til þess að veita viðeigandi stjórnvaldi upplýsingar, ef upp kemur ábending um brot á lögum sem það stjórnvald sér um að framfylgja. Lagaákvæði um upplýsingamiðlun helst í hendur við formlegt samstarf aðila um eftirlit á vinnumarkaði og er því forsenda fyrir nánara samstarfi þeirra.

2.5 Aðstoð við starfsmenn

Móta þarf verkferla um það hvernig starfsmenn í alvarlegustu málunum yrðu aðstoðaðir, eftir atvikum með aðkomu félagsþjónustu sveitarfélaga eða með því að setja á fót athvarf fyrir þá allra verst settu – sem eiga allt sitt undir atvinnurekandanum. Útfæra þarf nánar með hvaða hætti þetta verður best gert, en ekki náðist að ræða það til hlítar.

2.6 Upplýsingagjöf og fræðsla

Bæta þarf verulega upplýsingagjöf og fræðslu um réttindi starfsmanna á vinnumarkaði, einkum til erlendra starfsmanna. Einnig þarf að bæta fræðslu til atvinnurekenda um fylgispekt við reglur vinnumarkaðarins.

Viðraðar hafa verið hugmyndir um að sett verði á stofn upplýsingamiðstöð eða ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur, sbr. t.d. þingsályktunartillögu sem þingmenn úr þingflokki Vinstri Grænna lögðu fram haustið 2018 sem vísast hér til.³ Málið er nú á borði velferðarnefndar Alþingis.

Einnig má benda á vefinn www.posting.is, þar sem nálgast má helstu upplýsingar um réttindi starfsmanna á vinnumarkaði. Sá vefur er sem stendur aðeins aðgengilegur á ensku og íslensku, en það hrekkur skammt fyrir talsverðan hluta þeirra erlendu starfsmanna sem hingað koma, og auk þess er hann ekki uppfærður nógu reglulega. Hópurinn gerir því að tillögu sinni að vefurinn verði gerður aðgengilegur á fleiri tungumálum og jafnframt að farið verði í átak til að auka sýnileika vefjarins gagnvart erlendum starfsmönnum.

Móta þarf nánar útfærslu upplýsingagjafar.

2.7 Árangursmat og árangursviðmið

Samráðshópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins annist árangursmat og stefnumörkun og fundi reglulega til að fara yfir ástand og horfur. Hópurinn útbúi árlega skýrslu um stöðu mála, þar sem m.a. er farið yfir fjölda eftirlitsaðgerða og vinnustaðaheimsókna, tíðni kæra og kvartana eftir stofnunum, lýst beitingu þvingunarúrræða og stjórnvaldsviðurlaga og fjölda og eðli þeirra sakamála sem upp hafa komið; einnig hvaða aðila um ræðir, einkum þá sem ítrekað koma til kasta eftirlitsaðila, hvort sem um ræðir fyrirtæki eða forsvarsmenn.

³ Sjá: <https://www.althingi.is/altext/149/5/0019.html>

3 Annað sem rætt var

Af hálfu fulltrúa Vinnumálastofnunar kom fram að vandi hafi skapast við framkvæmd 20. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga. Útlendingar utan EES geta komið hingað án eða með áritun í allt að 90 daga sem ferðamenn. Síðastliðið sumar fór að bera á fólki frá Indlandi og Bandaríkjunum sem komu hingað með hópa ferðamanna og sáu um þá að öllu leyti. Þeir leiðsögðu þeim um landið, óku þeim í hópferðabílum og elduðu jafnvel matinn handa þeim. Að mati Vinnumálastofnunar verða eftirlitsaðilar að taka höndum saman og skipuleggja sameiginlegt eftirlit með þessari starfsemi svo að unnt verði að stöðva hana strax. Til að unnt sé að stöðva hana þarf að sanna að fólkið sé hér á landi í vinnu á vegum aðila í heimalandinu. Þá væri hugsanlega nauðsynlegt að skerpa á þessu ákvæði til þess að koma í veg fyrir misnotkun.

Fulltrúi Ríkisskattstjóra bætti við að mikilvægt er að greina betur í lögum hvort starfsmaður telst launamaður eða verktaki. Þó það sé mjög skýrt í orði, er lagagrundvöllurinn svo veikur að auðvelt er að komast hjá því að uppfylla skilyrðin um verktakasamband. Stofnunin sér ítrekuð dæmi þar sem starfsmenn, gjarnan erlendir, eru ráðnir sem verktakar en eiga í raun að vera launamenn og er því launum þeirra haldið niðri með þessum hætti.

Fjallað var um fleiri hugmyndir til þess að sporna gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Af hálfu fulltrúa Alþýðusambands Íslands var rætt um að skyldan til þess að gefa út og bera vinnustaðaskírteini yrði útvíkkuð yfir allan vinnumarkaðinn, en tekið fram að slíkt væri samkomulag aðila vinnumarkaðarins, sbr. 3. gr. laga nr. 42/2010. Var því mótmælt af hálfu fulltrúa Samtaka atvinnulífsins að ofangreind málefni ættu undir þennan samstarfshóp.

Af hálfu fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins kom fram að nauðsynlegt er að tryggja að heimildir viðeigandi stjórnvalda með framkvæmd laga um brunavarnir og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sé fullnægjandi til þess að tryggja að starfsmenn dveljist ekki í húsnæði sem ógnar öryggi og heilbrigði þeirra. Í tillögum fulltrúa Alþýðusambands Íslands kom fram að nauðsynlegt er að endurskoða húsaleigulög nr. 36/1994, þá m.a. með tilliti til starfsmanna sem jafnframt leigja húsnæði af atvinnurekanda. Aftur á móti leit fulltrúi Samtaka atvinnulífsins ekki svo á að umfjöllun um húsaleigulög tilheyri starfsviði hópsins.

Af hálfu fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins kom einnig fram að nauðsynlegt er að kveða á um skyldur starfsmannaleigna í lögum nr. 46/1980 til þess að hægt sé að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna þeirra. Auk þess kom fram sú hugmynd að tryggt verði í lögum að hið opinbera skuli einungis eiga í viðskiptum við fyrirtæki sem virða reglur vinnumarkaðarins, m.a. með breytingum á lögum nr. 120/2016, um opinber innkaup, í samráði við Ríkiskaup.

Fulltrúi Ríkisskattstjóra benti á að lög um lágmarkslaun og skylduna til þess að greiða laun, um aðbúnað starfsmanna og gerviverktöku þyrftu að vera skýr.

3.1 Nokkur fleiri atriði sem komu til umræðu en varð ekki lokið

- ▶ Taka þarf heildstæðar stefnuákvæðanir um nægar fjárveitingar á þessu málefnasviði.
- ▶ Rýna þarf alla löggjöf og regluverk á þessu málefnasviði, uppfæra og aðlaga. Samstarfshópnum gafst ekki nægur tími til að ljúka þessu. Mikilvægt er að unnið verði áfram að þessu á næstunni.
- ▶ Tillaga kom fram að lagagrunnur fyrir samráðshóp og samstarfsvettvang geti verið í viðbót við lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl., en varð ekki fullrætt.
- ▶ Nauðsynlegt er að kynna sér reynslu og tilhögun nágrannaþjóða. Samstarfshópurinn fékk norskan sérfræðing til fundar, Pål Lund frá norska Vinnueftirlitinu, en mikilvægt er að unnið verði áfram að slíkri upplýsingaöflun á næstunni. Lund lýsti m.a. samstarfi opinberra stofnana

um árlegar fjárveitingar til samstarfs og verkefna, tilhögun í þríhliða samstarfi, virkum tengslum við æðstu stjórn ríkisins, svo og samstarfsskrifstofum og -neti úti um land. Þá lýsti hann tilhögun samskipta við fjölmiðla.

- ▶ Viðbót um kennitölufلاك. Setja þarf ákvæði um hæfi, mat á stöðu og sögu, og koma í veg fyrir að menn hafi kennitölu „í geymslu“. Opinberir aðilar þurfa að móta sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum. Þá er mikilvægt að hæfisskilyrði nái til skuggastjórnenda.
- ▶ Endurskoða þarf ákvæði 20. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga, um sjálfstætt starfandi útlendinga.
- ▶ Tillaga var gerð um að setja þurfi í lög nr. 46/1980 ákvæði um skyldur starfsmannaleigna til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna þeirra.
- ▶ Fram komu ábendingar um að kannað verði hvort skerpa þarf á ákvæðum laga og reglna um persónuvernd, til að staðfesta að lögunum er ætlað að vernda heiðarlega menn en ekki brotamenn.
- ▶ Gera þarf breytingar á lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup er taki bæði til ríkis og sveitarfélaga, til að tryggja að jafnan sé gert ráð fyrir keðjuábyrgð, að fyrirtæki virði reglur vinnumarkaðarins, svo og um hæfi og brotasögu aðila.
- ▶ Samstarfshópurinn fékk áframsent bréf Félags hópferðaleyfishafa, dags. 5.12.2018. Efni bréfsins varðar framfylgju settra reglna, starfsleyfi, félagsleg undirboð og brot gegn gildandi starfskjörum launafólks. Aðilar eru sammála um að mikilvægt er að taka vandamálinu föstum tökum, en ekki vannst tími til sérstakrar umræðu, umfram sameiginleg efnisatriði.

4 Viðaukar

4.1 Samantekt helstu lagaákvæða

4.1.1 Upplýsingaöflun og eftirlit á vinnumarkaði

Lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur

- ▶ **9. gr.**
 - Skylda trúnaðarmanna að gæta þess að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt starfsmanna.
- ▶ **10. gr.**
 - Skýrsla til stéttarfélags vegna brota á vinnustað eða umkvartana starfsmanns.

Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

- ▶ **5. gr.**
 - Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður skulu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög nr. 46/1980.
- ▶ **36. gr.**
 - Skylda verkkaupa/aðalverktaka til að tilkynna Vinnueftirlitinu um byggingar og mannvirkjagerð, m.a. um undirverktaka, áætluð verklok o.fl.
- ▶ **58. gr.**
 - Skylda atvinnurekanda til að láta Vinnueftirlitinu í té upplýsingar í tengslum við eftirlitið, vinnutímaskýrslur.
- ▶ **75. gr.**
 - Vinnueftirlit hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 46/1980.
- ▶ **82. gr.**
 - Skylda atvinnurekanda og starfsmanna til að láta Vinnueftirlitinu í té allar upplýsingar er varðar eftirlit með lögum nr. 46/1980.
 - Heimild Vinnueftirlitsins til að kalla eftir gögnum til atvinnurekanda.
 - Skylda til þess að afhenda viðeigandi stjórnvöldum upplýsingar sem berast á grundvelli laganna, óski stjórnvaldið eftir því í tengslum við lögbundið eftirlit þess.
 - Gefi upplýsingar til kynna brot gegn lögum eða reglugerðum er skylda að afhenda upplýsingar án ástæðulausrar tafar.
 - Heimild til þess að óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum aðila vinnumarkaðarins.

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda

- ▶ **26. gr.**
 - Ríkisskattstjóri annast skatteftirlit samkvæmt lögum þessum. Skatteftirlit tekur til hvers konar könnunar á réttmæti staðgreiðsluskila og samtímaeftirlits með rekstraraðilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um staðgreiðsluskyldu, stofn og afdrátt staðgreiðslu.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

▶ 38. gr.

- Öllum aðilum, bæði virðisaukaskattsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattfyrvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattfyrvöldum í þessari grein er átt við ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.
- Skattfyrvöld hafa þannig m.a. rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim er hafa keypt af skattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra sem hafa verslun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um félaga sína og atvinnu þeirra og rekstur.
- Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur ríkisskattstjóri og menn, sem hann felur skatteftirlitsstörf, krafist þess að virðisaukaskattsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum virðisaukaskattsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 39. gr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. másl. tekur ekki til.
- Skattfyrvöld hafa enn fremur þær heimildir sem um getur í 3. mgr. gagnvart þeim aðilum sem ekki eru virðisaukaskattsskyldir.
- Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms, en farið skal þá eftir reglum laga um meðferð sakamála eftir því sem á við. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til rannsóknar lögreglu.

Lög nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga

▶ 25. gr.

- Vinnumálastofnun og lögreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna.
- Vinnumálastofnun hefur heimild til öflunar og miðlunar upplýsinga að því marki sem stofnuninni er það heimilt samkvæmt lögum þessum, rafrænt eða á annan hátt sem stofnunin ákveður.
- Vinnumálastofnun er skylt að afhenda viðeigandi stjórnvöldum upplýsingar sem stofnuninni berast á grundvelli laganna, enda óski viðkomandi stjórnvald eftir því í tengslum við lögbundið eftirlit. Berist Vinnumálastofnun upplýsingar á grundvelli laga þessara sem gefa til kynna að brotið sé gegn lögum eða reglugerða er stofnuninni skylt að afhenda viðeigandi stjórnvaldi upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.
- Í þeim tilvikum þegar Vinnumálastofnun býr ekki yfir upplýsingum sem eru nauðsynlegar að mati stofnunarinnar til að hún geti haft eftirlit með framkvæmd laganna skal stofnunin óska eftir upplýsingum frá stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, sem koma stofnuninni að gagni, svo sem við mat á því hvort ákvæði laganna hafi verði brotin, þ.m.t. hvort hér á landi starfi útlendingar

án tilskilinna atvinnuleyfa, og ber hlutaðeigandi aðilum að veita Vinnumálastofnun umbeðnar upplýsingar, búi þeir yfir þeim.

- Berist stjórnvöldum eða eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins upplýsingar sem gefa til kynna að brotið sé gegn lögnum er þeim skylt að afhenda Vinnumálastofnun upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar.

▶ **26. gr.**

- Eftirlit Vinnumálastofnunar og lögreglunnar með framkvæmd laganna og aðgangur að vinnustöðum.

▶ **29. gr.**

- Samráð Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar vegna framkvæmdar laganna.

Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt

▶ **94. gr.**

- Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Hafi aðili beint eða óbeint minnst helming eignarhalds eða er með stjórnunarleg yfirráð í dótturfélagi eða útibúi í öðrum ríkjum er honum jafnframt skylt að veita upplýsingar um viðskipti dótturfélags eða útibús við aðila skattskylda skv. 1. kafla og félög, sjóði og stofnanir í lágsfattaríkjum sem 1. mgr. 57. gr. a laganna tekur til. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra ríkisins.
- Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur ríkisskattstjóri og menn, sem hann felur skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 103. gr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur í þágu rannsóknar máls leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu gagna á heimilum og öðrum stöðum sem 2. másl. tekur ekki til.
- Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.
- Fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðrir aðilar skulu halda sérstaka skrá yfir þá viðskiptavinina sína sem þau veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu, sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild viðskiptavinanna að rekstri félaga, sjóða eða stofnana sem skráð eru erlendis eða eignir þar. Er þeim skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá er þau beiðast þess.
- Ákvæði annarra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar.
- Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til rannsóknar lögreglu.

▶ **102. gr.**

- Ríkisskattstjóri annast skatteftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á. Skatteftirlit tekur til hvers konar

könnunar á réttmæti skattskila fyrir og eftir álagningu opinberra gjalda og samtímaeftirlits með rekstraraðilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðnum skýrslum og upplýsingum um skattstofn eða skattskyldu manna og lögaðila.

Lög nr. 139/2005, um starfsmannaleigur

- ▶ **4. gr.**
 - Upplýsingaskylda starfsmannaleigna til Vinnumálastofnunar.
- ▶ **9. gr.**
 - Vinnumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 139/2005.
- ▶ **10. gr.**
 - Skylda starfsmannaleigna til þess að láta Vinnumálastofnun í té sem er nauðsynlegt í þágu eftirlits.
- ▶ **10. gr. a.**
 - Heimild til miðlunar á ráðningarsamningum, launaseðlum og vinnutímaskýrslum til samtaka aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélags.

Lög nr. 45/2007, um útsenda starfsmenn

- ▶ **7. gr.**
 - Upplýsingaskylda sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem hyggst veita þjónustu lengur en 10 daga á ári hér á landi, til Vinnumálastofnunar.
- ▶ **8. gr.**
 - Upplýsingaskylda fyrirtækja, sem hyggjast veita þjónustu lengur en 10 daga á ári hér á landi, til Vinnumálastofnunar. Þó g. gr. laganna.
- ▶ **12. gr.**
 - Vinnumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 45/2007.
- ▶ **13. gr.**
 - Skylda starfsmannaleigna til þess að láta Vinnumálastofnun í té sem er nauðsynlegt í þágu eftirlits.
- ▶ **14. gr.**
 - Heimild til miðlunar á ráðningarsamningum, launaseðlum og vinnutímaskýrslum til samtaka aðila vinnumarkaðarins eða hlutaðeigandi stéttarfélags.

Lög nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum

- ▶ **4. gr.**
 - Eftirlitsheimsóknir af hálfu eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins.
 - Skylda til að miðla upplýsingum sem koma fram á vinnustaðaskírteini til skattyfirvalda, Vinnueftirlits ríkisins, Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar ríkisins, lögreglustjóra og, þegar við á, Útlendingastofnunar og Þjóðskrár þannig að unnt sé að kanna hvort atvinnurekandi eða starfsmaður starfi í samræmi við hlutaðeigandi lög sem hverri stofnun er ætlað að annast framkvæmd á.

4.1.2 Viðurlög og þvingunarúrræði

Lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur

- ▶ 70. gr.
 - Brot á lögum þessum varða auk skaðabóta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð, og má innheimta þær sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um aflánun skal eigi vera að ræða.

Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

- ▶ 84. gr.
 - Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara, að lagfæring á vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögum þessum eða reglum og tilkynningum, sem eru í samræmi við lögin, og umbætur hafa ekki verið gerðar, þegar frestur sá er liðinn, sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfseminni eða þeim hluta hennar, sem krafan beinist að.
- ▶ 85. gr.
 - Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.
- ▶ 87. gr.
 - Ef ákvæði laga þessara, eða reglna sem settar eru með stoð í þeim, eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.
- ▶ 99. gr.
 - Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda

- ▶ 29. gr.
 - Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð. Jafnframt er ríkisskattstjóra heimilt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 19. gr. Ekki skal beita þessu úrræði nema eftir ítrekuð tilmæli um úrbætur.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

- ▶ 27. gr. A
 - Hafi skattaðili sætt áætlun virðisaukaskatts skv. 25. eða 26. gr. samfelld í tvö uppgjörstímabil eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella hann af virðisaukaskattsskrá.
 - Skattaðili sem hefur verið felldur af virðisaukaskattsskrá skv. 1. mgr. getur ekki skráð sig aftur nema hann hafi gert fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti. Í stað fullnægjandi skila á virðisaukaskatti getur ríkisskattstjóri heimilað skattaðila að leggja fram tryggingu í formi skilyrðislausrar sjálfsskuldarábyrgðar banka fyrir endurákvörðuðum virðisaukaskatti skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar, að viðbættu álagi, vöxtum og öðrum innheimtukostnaði.

▶ **28. gr.**

- Vanræki skattskyldur aðili að færa tilskilið bókhald samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara eða nota tilskilið söluskráningarkerfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef söluskráningarkerfi er verulega áfátt skal ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt beina til hans fyrirmælum um úrbætur. Ef fyrirmælum þessum er ekki sinnt innan 15 daga getur skattrannsóknarstjóri ríkisins eða ríkisskattstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomandi á sama hátt og greinir í 3. mgr. þessarar greinar og þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar. Sama gildir hafi skattaðili vanrækt tilkynningarskyldu skv. 5. gr., skilaskyldu skv. 24. gr. eða sætt áætlun virðisaukaskatts skv. 25. eða 26. gr. í tvö uppgjörstímabil eða fleiri á næstliðnum tveimur árum frá yfirstandandi uppgjörstímabili skv. 24. gr.

Lög nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga

▶ **27. gr.**

- Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður:
 - a. af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veitir í máli samkvæmt lögum þessum upplýsingar sem eru í verulegum atriðum rangar eða augljóslega villandi.
- Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef maður:
 - a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi nýtir starfskrafta útlendinga sem ekki hefur atvinnuleyfi samkvæmt lögnum,
 - b. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur milligöngu um vinnu eða húsnæði fyrir útlending eða gefur út eða miðlar yfirlýsingum, umsögnum eða skjölum til notkunar í máli samkvæmt lögnum ef hann með því notfærir sér ótilhlýðilega aðstæður útlendinga,
 - c. af ásetningi með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd, eða á annan ótilhlýðilegan hátt, tælir útlending til að koma til landsins í atvinnuskyni,
 - d. í hagnaðarskyni aðstoðar útlending við að stunda atvinnu án tilskilinna leyfa.
- Það varðar sektum eða fangelsi allt að fimm árum að reka skipulagða starfsemi til að aðstoða útlendinga við að starfa hér á landi án atvinnuleyfis samkvæmt lögum þessum.
- Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.
- Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lög nr. 139/2005, um starfsmannaleigur

▶ **11. gr.**

- Hafi Vinnumálastofnun krafist þess með hæfilegum fyrirvara að starfsmannaleiga fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar, þegar sá frestur er liðinn sem gefinn var, getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi starfsmannaleigunnar tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

▶ **11. gr. a**

- Fari starfsmannaleiga ekki að lögum þessum getur Vinnumálastofnun krafist þess að hlutaðeigandi starfsmannaleiga bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.

- ▶ **11. gr. b**
 - Vinnumálastofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á starfsmannaleigu sem veitir stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 2. mgr. 3. gr. sem og 1., 2., 4. eða 5. mgr. 4. gr. á tilskildum tíma og/eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar, óháð því hvort um ásetning eða gáleysi er að ræða af hálfu starfsmannaleigunnar.
- ▶ **13. gr.**
 - Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

Lög nr. 45/2007, um útsenda starfsmenn

- ▶ **15. gr.**
 - Hafi Vinnumálastofnun krafist þess að fyrirtæki, notendafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur fari að lögum þessum og úrbætur hafa ekki verið gerðar innan þess frests sem gefinn var getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi hlutaðeigandi aðila hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.
- ▶ **15. gr. a**
 - Fari fyrirtæki, notendafyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur ekki að lögum þessum getur Vinnumálastofnun krafist þess að hlutaðeigandi aðili bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.
- ▶ **15. gr. b**
 - Vinnumálastofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á sjálfstætt starfandi einstakling ef hann veitir stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum skv. 1., 2. og 3. mgr. 7. gr. á tilskildum tíma og/eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar, óháð því hvort um ásetning eða gáleysi er að ræða af hálfu einstaklingsins.
- ▶ **18. gr.**
 - Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Lög nr. 42/2010, um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum

- ▶ **6. gr.**
 - Ef eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins er neitað um aðgengi að vinnustöðum atvinnurekanda skv. 1. mgr. 4. gr. eða ef atvinnurekandi eða starfsmenn hans bera ekki vinnustaðaskírteini á sér við störf sín á vegum atvinnurekanda á viðkomandi vinnustað atvinnurekanda skv. 2. mgr. 3. gr. geta eftirlitsfulltrúarnir tilkynnt um það til Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun getur krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum. Sé um ítrekað brot atvinnurekanda að ræða getur Vinnumálastofnun krafist þess að atvinnurekandi bæti úr annmörkunum innan sólarhrings.

4.1.3 Önnur lagaákvæði

- ▶ Almenn hegningarlög nr. 19/1940.
- ▶ Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.
- ▶ Lög nr. 3/1976, um Félagsmálasáttmála Evrópu.
- ▶ Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
- ▶ Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.
- ▶ Lög nr. 73/2005 um skipan ferðamála.
- ▶ Lög nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4.2 Fundagerðir

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Fyrsti fundur samstarfshóps sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Lundurinn, velferðarráðuneytið, 12.11.2018, kl. 14:00-15:15.

Málsnúmer: VEL18090091.

Viðstödd: Ásmundur Friðriksson (ÁF, ANR), Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Björn Þ. Rögnvaldsson (BPR, VER), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi Íslenskra sveitarafélaga), Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM), Finnþógi Jónasson (FJ, Lögreglan), Gissur Pétursson (GP, VMST), Halldór Grönvold (HG, ASÍ), Halldóra Friðjónsdóttir (HF, FJR), Hildur Dungal (HD, DMR), Hrannar Már Gunnarsson (HMG, BSRB), Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), María Lóa Friðjónsdóttir (MLF, ASÍ), Oddur Ástráðsson (OÁ), Ragnar Árnason (RÁ, Samtök Atvinnulífsins).

Boðuð forföll:

Fundarritari: Gunnar Þ. Gylfason (GPÞ, VEL), starfsmaður samstarfshópsins.

Dagskrá:

- JS leiddi umræðu um hlutverk samstarfshópsins og skilning fulltrúa á erindisbréfi félags- og jafnréttismálaráðherra. Samstarfshópnum ber að skila af sér skýrslu 1. febrúar 2019.
- JS kynnti skjöl sem fundarfulltrúar fengu í upphafi fundarins. JS hvatti fulltrúa til að kynna sér efni möppunnar. Fulltrúar sem þekkja gögn sem gætu þjónað hópnum voru hvattir til að senda þau á GPÞ sem bætir þeim í skjalasafn fulltrúa.
- Inngangsumræða. Allir fulltrúar fengu orðið og greindu frá afstöðu afstöðu sinni til verkefnisins. Stutt samantekt fulltrúa, ekki álit allra.
 - HG: Leggur áherslu á fimm punkta aðgerð ASÍ.
 - HD: Kynnir vinnu bandarísk saksóknarar sem er að halda fyrirlestur hér á landi.
 - OÁ: Skoða annars vega efnisreglur og hins vegar formlega umgjörð.
 - LRÁ: Lagaumhverfið ekki nógu sterkt og efla þarf samstarf.
 - GP: Líta má til norska kerfisins.
 - BH: Mikilvægt að skoða hvert við viljum stefna.
 - RÁ: SA hefur gert sitt hingað til í baráttunni og er tilbúið að gera áfram.
 - BR: Vantar viðurlög
 - JS: Í aðalatriðum allir sammála en okkar að koma með tillögur til að bæta kerfið.
- Næstu þrjú fundir hópsins ákveðin. GPÞ falið að senda rafræn fundarboð eftir fundinn.

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Annar fundur samstarfshóps sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Skógurinn, velferðarráðuneytið, 19.11.2018, kl. 11:00-12:30.

Málsnúmer: VEL18090091.

Viðstödd: Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Björn Þ. Rögnvaldsson (BÞR, VER), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi íslenskra sveitarafélaga), Finnbogi Jónasson (FJ, Lögreglan), Halldór Grönvold (HG, ASÍ), Halldóra Friðjónsdóttir (HF, FJR), Hildur Dungal (HD, DMR), Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), María Lóa Friðjónsdóttir (MLF, ASÍ), Oddur Ástráðsson (OÁ, VEL), Ragnar Árnason (RÁ, Samtök Atvinnulífsins), Unnur Sverrisdóttir (US, VMST – sat í stað Gissurar, VMST).

Boðuð forföll: Ásmundur Friðriksson (ÁF, ANR), Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM), Hrannar Már Gunnarsson (HMG, BSRB), Gissur Pétursson (GP, VMST).

Fundarritari: Gunnar Þ. Gylfason (GÞG, VEL), starfsmaður samstarfshópsins.

Dagskrá:

- JS leiddi umræðu um mat á stöðu mála. Allir fulltrúar fengu orðið og lögðu orð í belg varðandi verkefnið frá sínum bæjardyrum. Rauður þráður í gegnum umræðuna að reyna að koma aftur á samstarfi milli aðila sem skipa samstarfshópinn. Formgera þarf eftirlitið.
- Ákveðið að setja af stað tvo undirhópa til nálgast verkefnið frá mismunandi sjónarhornum. Hóparnir eiga að skila af sér tillögum til aðgerða sem eiga ekki vera mikið lengri en 2-3 blaðsíður. Öllum nefndarfulltrúum frjálst að eiga sæti í nefndinni eða senda aðra fulltrúa í nefndina. Hóparnir:
 - Formgerð og árangursviðmið. OÁ heldur utan um vinnu hópsins. Stefnt er að hópurinn skili stuttri samantekt á fundi samráðshópsins 5. desember nk.
 - Viðurlög og lagarýni. LVF heldur utan um vinnu hópsins. Stefnt er að hópurinn skili stuttri samantekt á fundi samráðshópsins 10. desember nk.
- Ákveðið að fella niður fyrirhugaðan fund mánudaginn 26. nóvember en funda í staðinn 5. desember.
- Mappan, þar sem gögn sem tengjast efni hópsins var uppfærð með nýjum gögnum. GÞG sendir tölvupóst eftir fund.
- GÞG falið að finna útboðsgögn Safn íslenskra fræða þar sem búið er að koma fyrir ákvæði um keðjuábyrgð.

Næsti fundur

5. desember kl. 11:00 í velferðarráðuneytinu.

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Þriðji fundur samstarfshóps gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Lundurinn, velferðarráðuneytið, 5. desember 2018, kl. 11:00-13:00.

Málsnúmer: VEL18090091.

Viðstödd: Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Álfheiður M. Sívertsen (ÁMS, Samtök atvinnulífsins í fjarveru Ragnars Árnasonar), Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Björn Þ. Rögnvaldsson (BPR, VER), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi íslenskra sveitarfélaga), Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM), Finnþogi Jónasson (FJ, lögreglan), Gissur Pétursson (GP, VMST), Halldór Grönvold (HG, ASÍ), Hildur Dungal (HD, DMR), Hrannar Már Gunnarsson (HMG, BSRB), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), María Lóa Friðjónsdóttir (MLF, ASÍ), Oddur Ástráðsson (OÁ, VEL), Unnur Sverrisdóttir (US, Vinnumálastofnun) og Þórunn Sveinsdóttir (ÞS, VER).

Boðuð forföll: Ásmundur Friðriksson (ÁF, ANR).

Fundarritari: BG.

Dagskrá/Umræður:

- Rætt um fyrstu drög að tillögum undirhóps sem OÁ hefur leitt í tengslum við nánari samvinnu þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði og hugsanlega mælikvarða til að mæla árangur aðgerða.
- Meðal annars var rætt um hvort leggja ætti til að komið yrði á fót nýjum / tilteknum samstarfsvettvangi með það að markmiði að efla og styrkja samstarf þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði.
- OÁ mun vinna úr umræðunum á fundinum og senda hópnum ný drög að tillögum undirhópsins.
- Ákveðið að Vinnumálastofnun kalli saman þá aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði í því skyni að koma aftur af stað samvinnu við eftirlitið á grundvelli gildandi lagaheimilda.
- Ákveðið að GP kanni hvort norskir sérfræðingar, sem koma hingað til lands í byrjun árs 2019, séu reiðubúnir að kynna fyrir hópnum þær aðgerðir sem Noregur hefur gripið til í því skyni að sporna gegn félagslegum undirboðum þar í landi sem og árangur þeirra aðgerða.
- LRÁ ætlar að senda hópnum nokkra punkta um kennitölufلاك o.fl. eins og það horfir við þeim sem fara með eftirlit skattfirvalda og tillögur að áherslupunktum hópsins í því sambandi.
- Allir fundarmenn tóku til máls.

Næsti fundur

10. desember kl. 11:00 í velferðarráðuneytinu. Á fundinum verður meðal annars rætt um tillögur undirhópsins sem LVG hefur leitt í tengslum við hugsanlegar lagabreytingar.

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Fjórði fundur samstarfshóps sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Lundurinn, velferðarráðuneytið, 10.12.2018, kl. 11:00-13:30.

Málsnúmer: VEL18090091.

Viðstödd: Ásmundur Friðriksson (ÁF, ANR), Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Björn Þ. Rögnvaldsson (BPR, VER), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi íslenskra sveitarafélaga), Finnbofi Jónasson (FJ, Lögreglan), Halldór Grönnvold (HG, ASÍ), Halldóra Friðjónsdóttir (HF, FJR), Hildur Dungal (HD, DMR), Hrannar Már Gunnarsson (HMG, BSRB), Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), María Lóa Friðjónsdóttir (MLF, ASÍ), Oddur Ástráðsson (OÁ), Ragnar Árnason (RÁ, Samtök Atvinnulífsins), Þórunn Sveinsdóttir (ÞS, VER).

Boðuð forföll: Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM), Gissur Pétursson (GP, VMST).

Fundarritari: Gunnar Þ. Gylfason (GP, VEL), starfsmaður samstarfshópsins.

Dagskrá:

- LVG kynnti samantekt undirhópsins sem var falið að skoða viðurlög og rýna öll þau lög sem heyra undir verkefni samstarfshópsins. Undirhópurinn fundaði í síðustu viku og fór yfir málið. Margt sem þarf að skoða betur til að geta komist að sameiginlegri niðurstöðu.
- Meðal annars fór LVG yfir helstu atriðin sem snert hefur verið á í undirhópnum, s.s. kennitölufلاك, viðurlög, þvingunaraðargerðir, hlutlæg bótaregla fyrir skaðabætur, húsnæðismál, keðjuábyrgð, mansal, nauðungarvinnu og skyldu opinbera til að vera í viðskiptum við aðila sem virða skyldur á vinnumarkaði.
- OÁ spyr þriggja lykilsurninga sem svara þarf að hans mati. 1. Greina á milli þess hvort og hvaða réttarbætur eigi að leggja til? 2. Hvað getur hið opinbera gert, t.d. með aukinni samvinnu stofnana? 3. Er nauðsynlegt að skoða refsíúrbætur betur til þess að geta spornað við félagslegum undirboðum?
- Allir fundarmenn tóku til máls.
- Tveir næstu fundir hópsins ákveðnir.
 - 18. desember frá kl. 13-14:30. Lilja frá RSK kynrir efni. Undirhóparnir halda áfram sinni vinnu.
 - 4. janúar kl. 10:30-12:00. Formenn undirhópana kynna tillögur hópanna til aðgerða.

Næsti fundur

18. desember kl. 13:00 í velferðarráðuneytinu.

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Fimmti fundur samstarfshóps sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Skógurinn, velferðarráðuneytið, 18.12.2018, kl. 13:00 -14:30.

Málsnúmer: VEL18090091.

Viðstödd: Ásmundur Friðriksson (ÁF, Alþingi), Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Björn Þ. Rögnvaldsson (BPR, VER), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi íslenskra sveitarafélaga), Gissur Pétursson (GP, VMST), Guðmundur Heiðar Guðmundsson (GHG, SA), Halldór Grönvold (HG, ASÍ), Halldóra Friðjónsdóttir (HF, FJR), Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), Oddur Ástráðsson (OÁ), Unnur Sverrisdóttir (US, Vinnumálastofnun), Þórunn Sveinsdóttir (ÞS, VER).

Boðuð forföll: Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR), Ragnar Árnason (RÁ, Samtök Atvinnulífsins).

Fundarritari: Gunnar Þ. Gylfason (GP, VEL), starfsmaður samstarfshópsins.

Dagskrá:

- JS greinir frá stöðu mála og næstu skrefum. Varðandi undirhópana þá er vinna þeirra langt kominn.
- Kynning frá LRÁ varðandi þau atriði er varða félagsleg undirboð og tengjast RSK. Búið er að koma upplýsingum um núverandi heimildir RSK inn í þriðju drög undirhóps sem fjallar um lög og reglur. LRÁ kynnir afstöðu RSK til álitaefta er snúa að því að loka vinnustöðum, kennitölufлакki og keðjuábyrgð. LRÁ leggur áherslu á að þær lausnir sem samstarfshópurinn kemst að samkomulagi um séu fyrirbyggjandi til að koma í veg fyrir að sífellt þurfi að bregðast við svindli.
- Enn þá á eftir að vinna betur með sum málefni sem heyra undir samstarfshópinn, t.a.m. mannsal, sjálfboðaliða, starfsnám, upplýsingaveita til erlendra starfsmanna og málshraði svo eitthvað sé nefnt.
- Tveir næstu fundir hópsins ákveðnir:
 - 4. janúar kl. 10:30-12:00 í velferðarráðuneytinu. Pál H. Lund frá norska Vinnueftirlitinu mætir með kynningu á fund nefndarinnar.
 - 14 janúar n.k. kl. 10:30-12:00 í velferðarráðuneytinu. Formenn undirhópana kynna tillögur hópanna til aðgerða.
- Allir fundarmenn tóku til máls.

Næsti fundur

4. janúar kl. 10:30 í félagsmálaráðuneytinu.

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Sjötti fundur samstarfshóps sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Lundurinn, félagsmálaráðuneytið, 4.1.2019, kl. 10:30-12:00.

Málsnúmer: VEL18090091

Viðstödd: Ásmundur Friðriksson (ÁF, Alþingi), Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi íslenskra sveitarafélaga), Finnbogi Jónasson (FJ, Lögreglan), Halldór Grönvold (HG, ASÍ), Halldóra Friðjónsdóttir (HF, FJR), Hrannar Már Gunnarsson (HMG, BSRB), Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR, í gegnum fjarfundarbúnað), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), María Lóa Friðjónsdóttir (MLF, ASÍ), Oddur Ástráðsson (OÁ), Ragnar Árnason (RÁ, Samtök Atvinnulífsins), Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM), Unnur Sverrisdóttir (US, Vinnuálastofnun), Þórunn Sveinsdóttir (ÞS, VER).

Boðuð forföll: Björn Þ. Rögnvaldsson (BÞR, VER).

Gestir: Ásmundur Einar Daðason (ÁED, félags og barnamálaráðherra), Arnar Þór Sævarsson (APS, aðstoðarmaður ráðherra), Gissur Pétursson (GP, ráðuneytisstjóri FRN) og Pål H. Lund frá norska vinnueftirlitinu. Auk þess sátu fundinn fulltrúar frá þeim aðilum sem skipa hópinn.

Fundarritari: Gunnar Þ. Gylfason (GÞG, VEL), starfsmaður samstarfshópsins.

Dagskrá:

- Sérstakur gestur fundarins var Hr. Pål H. Lund sem starfar sem samhæfingarstjóri deildar sem sér um alþjóðlega samvinnu gegn félagslegum undirboðum hjá norska Vinnueftirlitinu (n. *Arbeidstilsynet*). Fyrirlesturinn hans bar heitið: Norska aðgerðaráætlunin í baráttunni gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og samstarf aðila sem fara með eftirlit á norskum vinnumarkaði (e. *Norway's Strategy to combat Work Related Crime and Joint operation Groups between Public Agencies*). Í fyrirlestrinum fjallaði hann ítarlega um þá vegferð sem Norðmenn fóru í til þess að vinna gegn félagslegum undirboðum þar í landi. Eina helst fjallaði hann um uppbyggingu norska kerfisins og því samstarfi sem búið er að koma þar á milli mismunandi stofnana sem fara með eftirlit á vinnumarkaði.
- Ráðherra ávarpaði fundargesti í lok fundar, þakkaði Pål fyrir gott erindi og lýsti yfir eftirvæntingu með að heyra um afrakstur vinnu samstarfshópsins.

Næsti fundur

14. janúar 2019 kl. 10:30 í félagsmálaráðuneytinu.

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Sjöundi fundur samstarfshóps sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Lundurinn, félagsmálaráðuneytið, 14.1.2019, kl. 10:30-12:00.

Málsnúmer: VEL18090091.

Viðstödd: Ásmundur Friðriksson (ÁF, Alþingi), Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Björn Þ. Rögnvaldsson (BPR, VER), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi íslenskra sveitarafélaga), Finnbogi Jónasson (FJ, Lögreglan), Halldór Grönvold (HG, ASÍ), Halldóra Friðjónsdóttir (HF, FJR), Hrannar Már Gunnarsson (HMG, BSRB), Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), María Lóa Friðjónsdóttir (MLF, ASÍ), Oddur Ástráðsson (OÁ), Ragnar Árnason (RÁ, Samtök Atvinnulífsins), Svala Ísfeld Ólafsdóttir (SÍÓ, DMR), Unnur Sverrisdóttir (US, Vinnumálastofnun), Þórunn Sveinsdóttir (PS, VER).

Boðuð forföll: Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM).

Fundarritari: Gunnar Þ. Gylfason (GP, VEL), starfsmaður samstarfshópsins.

Dagskrá:

- JS. greindi frá stöðu mála, dagskrá fundarins og næstu skrefum. Fundargerðir fyrir 1-6 fund samstarfshópsins samþykktar.
- Leifur kynnti samantekt undirhóps sem fjallaði um lagaumgjörð og viðurlög við brotastarfsemi á vinnumarkaði.
- Oddur kynni samantekt undirhóps um form samstarfs og stjórnsýslu og árangursmat.
- Allir fundarmenn tóku til máls.
- Ákveðið að reyna að fá fund samstarfshópsins fulltrúar frá dómsmálaráðuneytinu annars vegar til að kynna og ræða um við samstarfshópinn væntanlega mansalsáætlun ríkisstjórnarinnar og hins vegar fulltrúa frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu hins vegar til að ræða væntanlegt.
- Ákveðið að næsti fundur hópsins fari fram í félagsmálaráðuneytinu þriðjudaginn 22. janúar 2019, kl. 9:00.

Næsti fundur

22. janúar 2019 kl. 9 í félagsmálaráðuneytinu.

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Áttundi fundur samstarfshóps sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Lundurinn, félagsmálaráðuneytið, 22.1.2019, kl. 9:00-10:30.

Málsnúmer: VEL18090091

Viðstödd: Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Björn Þ. Rögnvaldsson (BÞR, VER), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi íslenskra sveitarafélaga), Finnbogi Jónasson (FJ, Lögreglan), Guðmundur Heiðar Guðmundsson (GHG, SA), Halldór Grönvold (HG, ASÍ), Hrannar Már Gunnarsson (HMG, BSRB), Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), María Lóa Friðjónsdóttir (MLF, ASÍ), Oddur Ástráðsson (OÁ), Unnur Sverrisdóttir (US, VMST).

Boðuð forföll: Ásmundur Friðriksson (ÁF, Alþingi), Halldóra Friðjónsdóttir (HF, FJR), Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM), Ragnar Árnason (RÁ, Samtök Atvinnulífsins).

Gestir: Haukur Guðmundsson (HG, DMR), Hildur Dungal (HD, DMR), Ingvar Már Pálsson (IMP, ANR) og Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir (SSG, ANR).

Fundarritari: Gunnar Þ. Gylfason (GÞG, VEL), starfsmaður samstarfshópsins.

Dagskrá:

- HG og HD úr DMR komu á fund samstarfshópsins og kynntu komandi áherslur stjórnvalda í aðgerðum gagnvart mansali. Samstarfshópurinn var upplýstur um hver staðan væri á vinnu ráðuneytisins við aðgerðaráætlunina en stefnt er að því að kynna hana á komandi mánuðum.
- IMP og SSG úr ANR komu á fund samstarfshópsins og kynntu komandi frumvarp sem á að taka á kennitölufлакki og heimila m.a. atvinnurekstrarbann einstaklinga. Samstarfshópurinn var upplýstur um stöðu frumvarpsins sem væntanlegt er í lok febrúar.
- Allir fundarmenn tóku til máls og fengu tækifæri að spyrja gesti samstarfshópsins úti í vinnu þeirra.
- Ákveðið að næsti fundur hópsins fari fram í félagsmálaráðuneytinu þriðjudaginn 29. janúar 2019, kl. 9:00.

Næsti fundur

25. janúar 2019 kl. 9 í félagsmálaráðuneytinu.

Fundargerð

Fundarheiti og nr. fundar: Níundi fundur samstarfshóps sem vinnur gegn félagslegum undirboðum á innlendum vinnumarkaði.

Staður og stund: Lundurinn, félagsmálaráðuneytið, 25.1.2019, kl. 9:00-10:30.

Málsnúmer: VEL18090091.

Viðstödd: Ásmundur Friðriksson (ÁF, ANR), Bjarnheiður Gautadóttir (BG, VEL), Björn Þ. Rögnvaldsson (BPR, VER), Edda Bergsveinsdóttir (EB, VMST), Ellisif Tinna Víðisdóttir (ETV, Sambandi Íslenskra sveitarafélaga), Finnbogi Jónasson (FJ, Lögreglan), Guðmundur Heiðar Guðmundsson (GHG, SA), Halldór Grönvold (HG, ASÍ), Halldóra Friðjónsdóttir (HF, FJR), Hrannar Már Gunnarsson (HMG, BSRB), Jón Sigurðsson (JS, formaður samstarfshópsins), Leifur Valentín Gunnarsson (LVG, FOR), Lilja Rún Ágústsdóttir (LRÁ, RSK), María Lóa Friðjónsdóttir (MLF, ASÍ).

Boðuð forföll: Erna Guðmundsdóttir (EG, BHM), Ragnar Árnason (RÁ, Samtök Atvinnulífsins), Oddur Ástráðsson (OÁ), Unnur Sverrisdóttir (US, VMST).

Fundarritari: Gunnar Þ. Gylfason (GÞG, VEL), starfsmaður samstarfshópsins.

Dagskrá:

- JS fór yfir drög skýrslu samstarfshópsins með fulltrúum hópsins. Fyrir fundinn var búið að senda drögin á fulltrúana sem gerðu sínar athugasemdir við drögin og sendu þau svo aftur til JS. JS tók til greina þær athugasemdir sem gerðar voru og fólu ekki í sér efnislegar breytingar en bar efnislegar breytingar undir fulltrúana sem greiddu fulltrúar atkvæði um tillögur að breytingum.
- JS mun fella inn í drögin þær breytingar sem samþykktar voru á fundinum og senda svo lokadrögin til GÞG. GÞG falið að sjá um frágang á skýrslunni, setja skýrsluna í sniðmát ráðuneytisins og koma henni svo til ráðherra. Gunnar kemur ósk hópsins til ráðherra um að kalla hópinn til lokafundar við sig við fyrsta tækifæri.
- Starfi samstarfshópsins formlega slitið og formanni þakkað fyrir góð störf.